


STRANDMENNINGARHÁTÍÐIN Á SNÆFELLSNESI 2019

- Ragnhildur Sigurðardóttir



Strandmenningarhátíð verður haldin á Snæfellsnesi 2019 undir hatti Svæðisgarðsins Snæfellsnes í samvinnu við marga öfluga bakhjarla eins og Vitafélagið. Um er að ræða röð viðburða, frá apríl og fram í október, sem haldnir verða vítt og breitt um Snæfellsnes.

Strandmenning hefur verið skilgreint sem eitt meginþema sóknaráætlunar Snæfellinga sem unnið er eftir í gegnum þann farveg til samstarfs sem Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er.

Markmið strandmenningarhátíðarinnar er að vekja athygli á strandmenningu Snæfellsness, menningararfi og sögu. Þetta er gert með því að tengja saman fólk og fyrirtæki, félagsamtök og stofnanir. Skapa tækifæri fyrir Snæfellinga og gesti þeirra til að læra, miðla, skapa og kynna strandmenningu.

Lokaundirbúningur fyrir strandmenningarhátíðina hefur verið á vinnusmiðjum um Snæfellsnes fyrstu mánuði ársins. Á vinnusmiðjunar hafa á fjórða tug manns mætt og hugsað og unnið saman, fyrst í Bjarnarhöfn í febrúar og svo í Sjóminjasafninu á Hellissandi í mars.

Í apríl verður hápunkturinn **safna og sýningadagur á sumardaginn fyrsta (25. apríl 2019)**. Þá opna söfn og sýningar dyrnar fyrir Snæfellinga og gesti með áherslu á strandmenningu. Boðið verður upp á fræðslufyrirlestra og vinnusmiðjur. Eins eru árlegir íþróttadagar, sem haldnir eru í samstarfi við HSH, með strandmenningarþema í ár. Auglýsingar ársins eru að verða tilbúna og við hvetjum alla til fylgjast með og skella sér vestur á Snæfellsnes og taka þátt í strandfótbolta, strandgolfi eða sjósundi svo eitthvað sé nefnt.



Góð samvinna er við umhverfsvottun Snæfellsnes og í tilefni þess að sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi hafa fengið umhverfsvottun í 10 ár verður **grillveisla á fjórum stöðum á Snæfellsnesi í lok strandhreinsunarverkefnis 4. maí n.k.**

Hápunkturinn í júní verður opnun **gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki 22. júní**. Þar verður m.a. kynnt strandleið um Snæfellsnes og opnun listsýningarinnar Umhverfing 3 þar sem yfir 70 myndlistamenn sýna margvísleg verk tengd Snæfellsnesi, inni og úti.

Júlí: Heima á Snæfellsnesi; ferð um Snæfellsnes þar sem áhersla verður m.a. lögð á útilistaverk.


Við byrjum á sögugöngu um friðlandið eftir ströndinni frá Hellnum að Arnarstapa þann **17.ágúst**. Á eftir verða Traustaleikar við Samkomuhúsið á Arnarstapa þar sem áherslan er á strandmenningu og íslenska matarhefð.

Vör sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð í samvinnu við Svæðisgarðinn Snæfellsnes og Breiðafjarðarnefnd vinnur nú að fræðsluefni um fjörur í samvinnu við skóla á Snæfellsnesi og boðið verður upp á fræðslu í fjöruferðum, m.a. á Malarrífi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli á degi íslenskrar náttúru **16. september**.

Í **október** verður kynnt "Strandleið um Snæfellsnes" og margvíslegar þemaferðir um allt Snæfellsnes.

Markviss þróun á vöru og þjónustu á sér stað til að auka og efla arðsemi menningar-tengdrar ferðaþjónustu sem byggð er á sjávarsækinni starfsemi og strandmenningu á Snæfellsnesi. Tilgangurinn er að auka vöru og þjónustuframboð og auðvelda fólk aðgengi að varningi, upplifun, fróðleik og menningu sem tengist þessum þáttum.

Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast hér: <https://www.snaefellsnes.is/>



Fréttabréf

VITAFÉLAGIÐ Íslensk strandmenning

1. tbl 2019

Ágæti lesandi.

Á fræðslufundum vetrarins sem við köllum Spegil fortíðar – silfur framtíðar höfum við hugað að umhverfismálum við haf og strönd og velt upp mörgum spurningum þar að lútandi. Hvar erum við stödd, hvað getum við gert og hvert stefnum við? Hver eru áhrif plast á sjó og landi, áhrif skemmtiferðaskipa og fiskeldis og hvernig er unnt að bregðast við? Hvernig lítur framtíðin út hjá fiskveiðipjóðinni? Mjög góður rómur hefur verið gerður að fyrirlestrunum enda hafa fyrirlesarar ekki verið af verri endanum. Kann félagið þeim kærar þakkar fyrir ómetanlegt framlag. Til að koma til móts við félagsmenn, sem búsettir eru víðsvegar um heiminn, festi félagið kaup á tækniþúnaði þannig að nú er hægt að „streyma“ fyrirlestrum út um heimsbyggðina og er það mjög svo ánægjulegt að geta þannig komið til móts við félagsmenn sem eru víðsfjarri fundarstað. Ef farið er inn á You Tube og nafn félagsins slegið inn (vitafélagið íslensk strandmenning) þá má finna þar síðustu fyrirlestra vetrarins.

Að venju verður vorþing félagsins úti á landi og að þessu sinni verður það haldið á Þingeyri við Dýrafjörð, í samstarfi við heimamenn. Það er tilhlökkunarefni að heimsækja og kynna þeim mikla auði sem er að finna í fámenni Vestfjarða og öfugmæli að tala um „brothættar byggðir“ í því samhengi.

Þingeyri verður þó ekki eini viðkomustaður félagsins í vor og sumar, því félagið mun taka þátt í strandmenningarhátíð Snæfellsness sem stendur allt árið. Fátt veitir stjórnarmönnum meiri ánægju en að fá upphringingu frá félagsmanni á landsbyggðinni sem biður um aðstoð félagsins við framkvæmd viðburða er tengjast hafi og strönd. Það er því með mikilli gleði og tilhlökkun sem við leggjum Snæfellingum lið næstu mánuðina.

Hlutverk félagsins verður fyrst og fremst að sjá um fræðslu sem þarna verður á boðstólum en að hátíðinni koma Svæðisgarðurinn á Snæfellsnesi ásamt söfnum, félögum, fyrirtækjum og einstaklingum. Fyrirhuguð dagskrá er afar fjölbreytt og víst að engum mun leiðast að heimsækja Snæfellsnesið næstu mánuðina. Vonandi feta fleiri sveitarfélög í fótspor Snæfellinga og kynna og efla strandmenningu á sínu svæði.

Í byrjun mánaðarins naut undirrituð þess heiðurs að taka þátt í 40 ára afmæli hjá Forbundet Kysten, sem er systurfélag Vitafélagsins í Noregi. Að öðrum þjóðum ólöstuðum verður að segjast að fáir hafa tærnar þar sem Norðmenn hafa hælana í verndun menningar við stendur landsins. Þessum undraverða árangri hafa þeir náð með framsýni og samstarfi frá syðsta tanga landsins til þess nyrsta þar sem allir leggja hönd á plóg, - einstaklingar, félagsamtök, sveitarstjórnir, minjastofnanir og ríkisvaldið. Menningarráð og minjastofnun (Riksantikvaren) funda t.d. reglulega með stjórn Kystens og saman er lagt á ráðin um það hvert stefna skuli í verndun og nýtingu. Þessi virðing stjórnvalda gagnvart grasrótinni skilar síðan þjóðinni hundruð þúsunda vinnustunda í sjálfboðavinnu frá félagsmönnum í Kysten. Auk þess viðheldur hún bæði verkþekkingu og virðingu gagnvart eigin sögu og gefur almenningi kost á þátttöku í verndun menningararfsins, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.

Eins og áður tekur stjórn félagsins gjarna á móti óskum og ábendingum um umfjöllunarefni næsta starfsárs og vinnufúsar hendur og hugur eru alltaf vel þegnar í fjölbreyttri starfsemi félagsins; heimasíðu, Facebook, blaðaútgáfu, fundum og fl. Síðustu ár hefur félagið staðið fyrir málþingi á landsbyggðinni og ef einhverjir hafa óskir um að hýsa málþing næsta árs þá vinsamlegast hafið samband við stjórn Vitafélagsins. Verkefnið er sem sagt næg og allar hendur vel þegnar til að efla strandmenningu þjóðarinnar, vernda hana og nýta með atvinnu og nýsköpun að leiðarljósi.

Njótið sumarsins við haf og strönd

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIÐA FÉLAGSGJÖLDIN

Sigurbjörg Árnadóttir, formaður

SJÓKVÍAELDI ÓGNAR LÍFRÍKI OG UMHVERFI

- Jón Kaldal, blaðamaður, Icelandic Wildlife Fund

Á sínum tíma sýndu Íslendingar meiri framsýni en ýmsar aðrar þjóðir með því að loka ákveðnum hlutum strandlengjunnar fyrir sjókvíaeldi með það fyrir augum að vernda villta lax- og silungstofna landsins. Var þá eingöngu horft til lax- og silungsveiðiaa sem gáfu af sér veiðihlunnindi. Síðar hafa vísindarannsóknir leitt í ljós að á Vestfjörðum eru margfalt fleiri ár sem búa yfir lax- og silungstofnum en talið var. Þessir stofnar eiga sjálfstæðan tilveru í náttúru landsins en er ógnað með sjókvíaeldi við árósa heimaá þeirra.

Sjókvíaeldisfyrirtækin notast við norskan stofn sem hefur verið ræktaður kynslóð eftir kynslóð í nokkra áratugi sem hraðvaxta húsdýr. Rannsóknir staðfesta að erfðablöndun við sleppifisk minnkar hæfileika villtra stofna til að komast af í náttúrunni. Viðvera sleppifisks í ám landins er ein og sér ógn við villta stofna. Eldisfiskur gengur oft síðar í ár en villti heimastofninn. Eldishrygnur leita á sömu hrygningarstaði og róta upp hrognum villta stofnsins.

Eins og Erfðanefnd landbúnaðarins hefur beint á, þá er eldi á frjóum norsku stofni í sjókvíum við landið í andstöðu við lög um náttúruvernd og samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni sem leggur áherslu á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðaaðlinda sem lífríkið býr yfir.

Í einni sjókvíaeldistöð er algengt að halda í nokkrum kvíum í kringum eina milljón laxa á þróngu svæði, í alllangan tíma. Allt frárennsli, saur, fóðurafgangar, skordýraeitur og lyf gegn laxalús, streymir beint í sjóinn frá þessari starfsemi sem er örstutt frá strandlengjunni.

Samkvæmt núverandi áhættumati Hafrannsóknastofnunar er gert ráð fyrir að allt að 4 prósent fiska í ám landsins séu fiskar sem hafa sloppið úr eldi. Þetta þýðir að 1 af hverjum 25 fiskum í náttúrunni geta verið húsdýr sem sloppið hafa úr opnum sjókvíum. Það á ekki að vera ásættanlegt að einn einasti norskur eldislax gangi í íslenskar ár. Markmiðið hlýtur að vera að þröskuldur áhættumatsins verði lækkaður og stefnt verði að því að hann verði núll.

Áhrif á nytjastofna í sjó

Slæm áhrif sleppifisks úr eldi á villta laxastofna eru þekkt og staðfest í rannsóknum frá öðrum löndum. Ýmis önnur áhrif eru minna þekkt. Til dæmis áhrif á ýmsa nytjastofna í hafinu, þar á meðal þorsk og rækju. Norðmenn hófu síðastlið haust fyrstu umfangsmiklu rannsóknirnar sem hafa farið fram við Noreg á áhrifum sjókvíaeldis á þorskstofninn. Hafa um 600 hundruð milljónir króna vera eyrnamerkta því verkefni. Hér á landi eru rannsóknir af afar skörum skammti. Þær þurfa að verða mun ítarlegri áður en lengra er haldið við útgáfu leyfa fyrir laxeldi í opnum sjókvíum.

Valkostir við opnar kvíar

Tækniþróunin í laxeldi í lokuðum sjókvíum er hröð og enn hraðari í landeldi. Risastórar landeldisstöðvar eru að rísa um allan heim. Margar af þeim byggja á tækninýjungum á endurnýtingu á vatni, sem munu stórlækka rekstrarkostnað. Í þessum endurnýtingarkerfum er meðhöndlun frárennslis og úrgangs tæknilegt úrlausnarefni. Dæmi eru um fiskeldisstöðvar sem skila hreinna vatni frá sér en það var þegar það kom inn í þær.

Greinendur á markaði með eldislax segja að þegar

þessar stóru stöðvar verða komnar í fullan rekstur í framleiðslu fyrir sinn heimamarkað munu fyrstu fórnarlömb í röðum keppinautanna vera sjókvíaeldisfyrirtæki sem þurfa að fljúga sinni afurð um langan veg á markað.

Fiskeldi í opnum sjókvíum er enn tiltölulega lítið að umfangi hér við land. Við eigum að tryggja að vöxtur þess verði í sátt við umhverfi og lífríki landsins. Ekki má taka áhættu á óafturkræfum umhverfisspjöllum með úreltum aðferðum í fiskeldi. Nýta þarf nýjustu tækni og landeldi til að lágmarka umhverfisáhrif.

Ísland er í einstakri stöðu til að staðsetja sig með umhverfsvæna og sjálfbæra vöru á markaði með eldisfisk. Við höfum hér nægt landrými, jarðhita, gnótt af hreinu vatni og náttúrulega orkugjafa.

HREINSAÐ Á NYRSTU STRÖNDUM NORÐAN DJÚPS

- Gauti Geirsson, nemi og formaður áhugasamtakanna Hreinni Hornstrandur



Gauti Geirsson

Hornstrandir, nyrsti hluti Vestfjarða og eitt afskekktasta svæði landsins, hefur verið í eyði síðan árið 1952. Hornstrandafriðlandið er eftirsótt af ferðamönnum sem vilja njóta náttúrufergurðarinnar og ekki síður fræðast um menningu og sögu svæðisins en hver bæjartóft geymir arfleifð forfeðra okkar sem drógu fram lífið á þessu harðbýla svæði. Undirlendi er þar lítið og tún fá, en aftur á móti gerðu gjöful fiskimið, stærstu fuglabjörg landsins og rekaviður, lífið bærulegra.

Einstaka ættingjar hafa haldið við húsum forfeðra sinna af mikilli alúð en að mestu leyti hefur svæðið fengið að þróast síðustu áratugin á stórkostlega inngripa mannsins. Á því eru þó undantekningar. Árið 1953 gaf ríkisstjórn Íslands flota NATO heimild til þess að nota Hælavíkurbjarg og Hornbjarg sem skotmörk á heræfingum. Jakobína Sigurðardóttir skáld samdi þá mögnuð kvæði til höfuðs þessari fyrirætlun sem má finna í bókinni Kvæði, sem Heimskringla gaf út árið 1960. Með samtakamætti Jakobínu sem var frá Hælavík og veðurguðanna var veðrið svo slæmt að hætta varð við allt saman.

Hreinni Hornstrandir

Hornstrandasvæðið var þó ekki alveg laust við hernaðarbrölt. Í seinni heimstyrjöldinni reistu Bretar litla ratsjárstöð á fjallinu Darra í Aðalvík og í kalda stríðinu reistu Bandaríkjamenn stóra ratsjárstöð á Straumnesfjalli sem enn stendur. Sú umhverfisvá sem stendur fyrir ströndum Hornstranda núna er hinsvegar af allt öðrum toga. Á þessar nyrstu strandir landsins skolar nú upp óheyrilegu magni af rusli úr sjónum, yfirleitt plasti, sem síðan brotnar í minni einingar og berst út í lífríkið.

Í sumar er áætlað að fara í sjötta skiptið á vegum félagsins Hreinni Hornstranda sem er algjörlega óhagnaðardrifið, til þess að hreinsa rusl. Hugmyndin að hreinsuninni kviknaði þegar franskur ljósmyndari ætlaði að fanga fegurð svæðisins á filmu og halda sýningu í heimalandi sínu. Honum blöskraði hinsvegar svo ruslið í fjörunum að sýningin endaði á að vera einungis myndir af plasti í náttúru Hornstranda. Síðan þá hefur fríður hópur af harðduglegum sjálfboðaliðum haldið norður á strandir, einu sinni á ári til þess að hreinsa og samtals hafa safnast 27.5 tonn af plasti.

Til hvers er unnið?

Hefðbundið ferli í hreinsun er þannig að á billinu 25-50 sjálfboðaliðum er siglt á svæðið sem skal hreinsa. Þar er slegið upp tjaldbúðum eða sjálfboðaliðarnir fá að gista í húsum þar sem þess er kostur. Ruslinu í fjörunum er safnað saman í hrúgur sem eru síðan fluttar út í gúmmibáta sem flytja ruslið um borð í varðskip Landheggingisáttunnar, en þáttaka þeirra er forsenda þess að hreinsun á þessu svæði sé möguleg. Í viðbót kemur svo framlag allra sjálfboðaliðanna sem hafa komið í gegnum árin sem telja nú um 200 manns og allra styrktaraðila sem eru stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar.



Nú fimm árum eftir fyrstu hreinsun er erfitt að sjá á sumum svæðum að fjörurnar hafi verið hreinsaðar, stafar þetta bæði af því að enn skolar miklu magni af rusli uppí fjörurnar og sömuleiðis er ótrúlega mikið magn grafið í fjörunum sem komið getur í ljós við næsta brim. Þegar tölurnar yfir heiminn allan eru skoðaðar eykst bjartsýnin ekki, áætlað er að um 8 milljónir tonna af rusli fari í hafið hvert ár í heiminum. Á sama tíma og við erum ánægð með að hafa náð tæplega 30 tonnum úr fjörunni hafa 40 milljónir tonna bæst við.

Með staðreyndir sem þessar getur verið auðvelt að fyllast svartsýni. Að sama skapi getur maður leitast við að ýta ábyrgðinni annað. Er það ekki beinlínis ósanngjarnt að ábyrgðin eigi að liggja á einstaklingum þegar það eru stórfyrirtæki og stjórnvöld sem halda í alla þræðina sem skipta máli?

Lausnin getur að minnsta kosti ekki falist í því að leggja hendur í skaut og bíða eftir því að einhverjir aðrir taki málin í sínar hendur. Hver og einn getur haft áhrif með því að líta í eigin barm og sýna ábyrgð, minnka neyslu sína almennt, sneiða hjá einnota plasti og endurvinnna. Þegar meirihluti fólks tekur sig saman í þessum anda geta stjórnvöld og fyrirtæki ekki annað en fylgt eftir.

Fjörühreinsanir eru góðar og gildar og hvet ég alla til þess að taka þátt, skipuleggja sjálf hreinsanir eða fara út að plokka. Slík átök mega samt ekki vera friðþæging fyrir því að halda áfram neysluhófinu. Að hreinsa rusl á miklu frekar að vera hvatning til þess að taka sig á og vera öðrum fyrirmynd.



Hópurinn

